

**AUGLÝSING**  
**um fyrirvarssamning við Þýskaland.**

Með orðsendingaskiptum hinn 18. og 21. ágúst 2017 var gengið frá fyrirvarssamningi milli Íslands og Þýskalands. Þar er Þýskalandi falin afgreiðsla umsókna um vegabréfsáritanir í tilteknum ríkjum þar sem Ísland er ekki sjálft með fyrirvar.

Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í 10. mgr. 20. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og öðlaðist gildi 1. október 2017.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 14. júní 2024.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****SAMNINGUR**

um fyrirvar í formi orðsendingaskipta  
milli Íslands og Þýskalands

*A. Orðsending frá Íslandi*

Tilv.: UTN17030076/31.L.001;31.D.001

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar utanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskalands virðingu sína og veitist sá heiður, með vísan til samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, og í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (hér á eftir nefndar vegabréfsáritunarreglur ESB), að leggja til að lýðveldið Ísland og Sambandslýðveldið Þýskaland geri með sér samning um fyrirvar vegna allra tegunda Schengen-vegabréfsáritana.

Samningur þessi kemur í stað fyrri fyrirvarssamninga milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um vegabréfsáritanir sem gerðir voru með orðsendingaskiptum milli samningsaðila og telst slitið frá gildistökudegi þessa samnings.

Skilyrði varðandi fyrirvar eru sem hér segir:

**Gildissvið fyrirvars.**

Að því er varðar Schengen-vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar skal Þýskaland fara með fyrirvar fyrir Ísland á eftirfarandi stöðum:

**Ho Chi Minh-borg, Víetnam**  
**Kingston, Jamaíka**  
**Kúveit-borg, Kúveit**  
**Manama, Barein**  
**Múskat, Óman**  
**Nikósía, Kýpur**  
**Rangún, Myanmar (Mjanmar)**  
**Úlan Bator, Mongólía**

**Vegabréfsáritun.**

Grundvöllur samnings þessa eru vegabréfsáritunarreglur ESB og Handbókin um vegabréfsáritunarreglur, ásamt því sem fram kemur í þessum samningi.

Fyrirvar skal fela í sér:

- viðtöku umsókna um vegabréfsáritanir og lífkennaupplýsinga í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglum ESB,
- meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglum ESB,
- synjun um vegabréfsáritun í kjölfar meðferðar umsóknar í samræmi við d-lið gr. 8.4 í vegabréfsáritunarreglum ESB,
- kærur í samræmi við 3. mgr. 32. gr. vegabréfsáritunarreglnanna, í samræmi við landslög aðildarríkisins sem fer með fyrirvar.

Við fyrirvar er óheimilt að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði (VLTV).

Umsóknir um vegabréfsáritanir frá handhöfum diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, ef umsóknin tengist flutningsstöðu á sendiskrifstofu eða hjá alþjóðastofnun, eru útilokaðar og einnig ef umsækjandi hefur í hyggju að dvelja lengur en í 90 daga.

Ríkinu sem veitir fyrirvar er heimilt að eiga samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila á fleiri en einum stað í samræmi við og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í vegabréfsáritunarreglum ESB. Ríkið sem veitir fyrirvar upplýsir ríkið sem nýtur fyrirvars ef um er að ræða skipulagt samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila sem hefur áhrif á samninga um fyrirvar.

Ef fram koma spurningar, einkum í tengslum við boðsaðila eða ábyrgðaraðila, er sendiskrifstofu ríkisins sem veitir fyrirvar heimilt að hafa samband við miðlægan tengilið ríkisins sem nýtur fyrirvars og/eða tengilið þess á staðnum. Skrá yfir tengiliði fylgir með í 1. viðauka. Samskipti ættu að fara fram í gegnum VIS-upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir.

#### **Tölfræðilegar upplýsingar.**

Senda skal tölfræðilegar upplýsingar er varða útgefnar vegabréfsáritanir árlega og fyrir næstliðið ár ætti að leggja þær fram í febrúar á næsta ári á eftir.

#### **Gjöld.**

Innheimta skal gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir í samræmi við Schengen-réttarreglurnar. Þýskaland á rétt á öllum gjöldum fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir. Þar fyrir utan mun Ísland ekki greiða Þýskalandi neina uppbótargreiðslu fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir.

#### **Samráð.**

Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs annast Þýskaland samráðið.

#### **Hagnýt skilyrði.**

Samþykkja má með óformlegum hætti hagnýt skilyrði varðandi framkvæmd samnings þessa.

#### **Lokaákvæði.**

Samningur þessi öðlast gildi frá og með 1. október 2017 og er gerður til ótiltekins tíma. Breyta má samningi þessum síðar með orðsendingaskiptum. Ef nauðsyn ber til í ljósi aðstæðna geta báðir aðilar felld samninginn tímabundið úr gildi eða sagt honum tafarlaust upp með orðsendingu.

Fallist utanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskalands á framangreinda tillögu veitist utanríkisráðuneyti Íslands sá heiður að leggja til að orðsending þessi og svar utanríkisráðuneytis Sambandslýðveldisins Þýskalands verði ígildi samnings milli ráðuneytanna tveggja.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að votta utanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskalands enn á ný fyllstu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytinu  
Reykjavík, 18. ágúst 2017

Utanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskaland

B E R L Í N

#### *B. Orðsending frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi*

Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands vottar utanríkisráðuneyti Íslands virðingu sína og veitist sá heiður að staðfesta móttöku orðsendingar þess síðarnefnda, UTN17030076/31.L.001; 31.D.001, frá 18. ágúst 2017 þar sem lýðveldið Ísland leggur til að lýðveldið Ísland og Sambandslýðveldið Þýskaland geri með sér samning um fyrirvar vegna allra tegunda Schengen-vegabréfsáritana.

Utanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskalands veitist sá heiður að samþykkja gerð samnings um fyrirvar vegna allra tegunda Schengen-vegabréfsáritana eins og mælt er fyrir um í orðsendingu UTN17030076/31.L.001; 31.D.001 frá 18. ágúst 2017.

Eins og lagt er til skulu orðsending utanríkisráðuneytis Íslands UTN17030076/31.L.001; 31.D.001 frá 18. ágúst 2017 og svar þetta teljast ígildi samnings milli ráðuneytanna tveggja.

Samningurinn skal, eins og lagt er til, gilda frá og með 1. október 2017.

Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Íslands enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Berlín, 21. ágúst 2017

An die Botschaft der Republik Island  
Rauchstr. 1  
10787 Berlin

#### I. VIÐAUKI

##### Þýskaland

###### Botsvana

Sendiráð Þýskalands í Gaborone

Sími: +267 395 31 43

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-visa-10@gabo.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +267 3 95 31 43

###### Mongólía

Sendiráð Þýskalands í Úlan Bator

Sími: +976 11 32 33 25

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-visa-10@ulan.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +976 11 32 33 25 14

###### Jamaíka

Sendiráð Þýskalands í Kingston

Sími: +1876 926 67 28

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-visa-10@king.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +1876 926 67 28 0

###### Óman

Sendiráð Þýskalands í Múskat

Sími: +968 24 83 24 82

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-10@mask.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +968 24 83 24 82 16

###### Víetnam

Sendiráð Þýskalands í Ho Chi Minh-borg

Sími: +84 28 3 829 19 67

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-visa-10@hoch.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +84 28 3829 1967-219

###### Kúveit

Sendiráð Þýskalands í Kúveit

Sími: +965 2205 8955

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-visa-10@kuwa.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +965 25770 755-16

###### Barein

Sendiráð Þýskalands í Manama

Sími: +973 1774 5277

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar: rk-visa-10@manam.auswaertiges-amt.de

Beint númer: +973 17 745-268

###### Kýpur

Sendiráð Þýskalands í Nikósíu

Sími:

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar:

Beint númer:

Myanmar (Mjanmar)

Sendiráð Þýskalands í Yangon

Sími:

Tölvupóstfang yfirmanns vegabréfsáritunardeildar:

Beint númer:

Ísland – Tengiliður í Útlendingastofnun Íslands

Hildur Reykdal

Yfirmaður Schengen-vegabréfsáritana; +354 444 0930

Tölvupóstfang: hildurr@utl.is, utl@utl.is

Heimilisfang

Útlendingastofnun Íslands

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Ísland

Sími: +354 4440900

Tölvupóstfang: utl@utl.is

AGREEMENT  
on Visa Representation in the form of an Exchange of Notes  
between Iceland and Germany

*A. Note verbal from Iceland*

Ref.: UTN17030076/31.L.001;31.D.001

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of the Federal Republic of Germany, and with reference to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis and in compliance with Article 8, paragraph (4) of the Regulation (EC) No 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 establishing a Community Code on Visas (hereinafter; EU Visa Code), has the honour to propose that the Republic of Iceland and the Federal Republic of Germany enter into an agreement on representation in matters concerning all types of Schengen visas.

This agreement shall supersede the earlier visa representation agreements between the Republic of Iceland and the Federal Republic of Germany, established by exchange of verbal notes between the parties to the agreements, which shall be considered as terminated from the date of coming into force of this agreement.

The conditions are as follows:

**Scope of the representation**

Germany shall represent Iceland with regard to short-stay Schengen visas in following locations:

**Ho-Chi-Minh-Stadt, Vietnam**  
**Kingston, Jamaica**  
**Kuwait City, Kuwait**  
**Manama, Bahrain**  
**Muskat, Oman**  
**Nikosia, Cyprus**  
**Rangun, Myanmar**  
**Ulan Bator, Mongolia**

**Visa**

The basis for this agreement is the EU Visa Code and the Visa Code Handbook as well as what is stated in this agreement.

The representation shall include:

- The collection of visa applications and biometric data in accordance with Article 8.1 of the EU Visa Code.
- The examination of visa applications and the issuing of visas in accordance with Article 8.1. of the EU Visa Code.
- The refusal of visa following the examination of application in accordance with Article 8.4 (d) of the EU Visa Code.
- Appeals being conducted in conformity with Article 32 (3) of the Visa Code, in accordance with the national law of the representing Member State.

No visa with limited territorial validity (VLTV) shall be issued in representation.

Visa applications from holders of diplomatic and service passports if the application is related to a posting at a diplomatic mission or international organization are excluded as well as when the applicant has the intention to stay longer than 90 days.

The representing state may work with an external service provider at one or more locations, in accordance with and under the conditions stipulated by the EU Visa Code. The representing state informs the represented state in case of a planned cooperation with an external service provider where representing agreements are affected.

In the event of questions, in particular when related to the inviting party or sponsor, the representing state's mission may contact the central and/or local contact point of the represented state. A list of contact points is attached in Annex 1. Communication should be carried out through Vis-Mail.

**Statistics**

Statistics concerning visas issued in representation shall be sent on a yearly basis and, for the past year, should be provided in February in the following year.

**Fees**

Fees for visa applications are to be charged in accordance with the Schengen acquis. Germany is entitled to all visa fees. Aside from that Iceland will not give any financial compensation to Germany for handling the visa applications.

**Consultation**

Concerning nationalities for which consultation is required, the consultation will be executed by Germany.

**Practical conditions**

The practical conditions of implementation of this agreement may be agreed upon informally.

**Final clauses**

This agreement enters into force with effect from the 1 October 2017 and is concluded for an unlimited period of time. This agreement can be changed at a later date by exchange of notes. If the circumstances so indicate, the agreement can be suspended from both sides or be cancelled immediately by a verbal note.

If the foregoing proposal is acceptable to the Ministry for Foreign Affairs of the Federal Republic of Germany, the Ministry for Foreign Affairs of Iceland has the honour to suggest that the present verbal note and the reply from the Ministry for Foreign Affairs of the Federal Republic of Germany shall constitute an agreement between the two ministries.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland avails itself of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of the Federal Republic of Germany the assurances of its highest consideration.

Ministry for Foreign Affairs  
Reykjavík, 18 August 2017

The Ministry for Foreign Affairs  
of the Federal Republic of Germany  
  
B E R L I N

*B. Note verbal from Germany*

The Embassy of the Federal Republic of Germany presents its compliments to the Ministry of Foreign Affairs of Iceland and has the honour to acknowledge receipt of the latter's verbal note UTN17030076/31.L.001; 31.D.001 of 18 August 2017 in which the Republic of Iceland proposes that the Republic of Iceland and the Federal Republic of Germany enter into an agreement on representation in matters concerning all types of Schengen visas.

The Ministry of Foreign Affairs of Germany has the honour to agree to enter into an agreement on representation in matters concerning all types of Schengen visas as laid out in the verbal note UTN17030076/31.L.001; 31.D.001 of 18 August 2017.

As proposed the verbal note of the Ministry of Foreign Affairs of Iceland UTN17030076/31.L.001; 31.D.001 of 18 August 2017 and this reply shall constitute an agreement between the two ministries.

The agreement shall start as proposed from 1 October, 2017.

The Embassy of the Federal Republic of Germany avails itself of this opportunity to renew to the Ministry of Foreign Affairs of Iceland the assurances of its highest consideration.

Berlin, 21 August 2017

An die  
Botschaft der Republik Island  
Rauchstr. 1  
10787 Berlin

#### ANNEX I

##### Germany

Botswana  
German Embassy Gaborone  
Tel.: +267 395 31 43  
E-Mail Head of Visa Section: rk-visa-10@gabo.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +267 3 95 31 43

Mongolia  
German Embassy Ulan Bator  
Tel.: +976 11 32 33 25  
E-Mail Head of Visa Section: rk-visa-10@ulan.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +976 11 32 33 25 14

Jamaica  
German Embassy Kingston  
Tel.: +1876 926 67 28  
E-Mail Head of Visa Section: rk-visa-10@king.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +1876 926 67 28 0

Oman  
German Embassy Muscat  
Tel.: +968 24 83 24 82  
E-Mail Head of Visa Section: rk-10@mask.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +968 24 83 24 82 16

Vietnam  
German Embassy Ho Chi Minh City  
Tel.: +84 28 3 829 19 67  
E-Mail Head of Visa Section: rk-visa-10@hoch.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +84 28 3829 1967-219

Kuwait  
German Embassy Kuwait City  
Tel.: +965 2205 8955  
E-Mail Head of Visa Section: rk-visa-10@kuwa.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +965 25770 755-16



Bahrain  
German Embassy Manama  
Tel.: +973 1774 5277  
E-Mail Head of Visa Section: rk-visa-10@manam.auswaertiges-amt.de  
Direct Number: +973 17 745-268

Cyprus  
German Embassy Nicosia  
Tel.:  
E-Mail Head of Visa Section:  
Direct Number:

Myanmar  
German Embassy Yangon  
Tel.:  
E-Mail Head of Visa Section:  
Direct Number:

Iceland-Contact point in the Icelandic Directorate of Immigration  
Hildur Reykdal  
Executive Officer Schengen visas; +354 444 0930  
E-mail address: hildurr@utl.is, utl@utl.is

Address  
Icelandic Directorate of Immigration  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík  
Iceland  
Telephone: +354 4440900  
email: utl@utl.is